

Föstudaginn 26. október 1990.

Nr. 266/1990. Þórólfur Kristján Beck vegna
protabús Byggingarfélagsins
Reynis hf.

gegn

menntamálaráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili kærði hinn 1. júní 1990 til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur. Hafði dómurinn verið kveðinn upp 16. maí, en vitneskja um hann borist sóknaraðila 23. maí. Kæruheimild er b-liður 1. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kröfum sínum í kærumálinu lýsir sóknaraðili þannig:

„Aðallega að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á aðalkröfu sóknaraðila að fjárhæð kr. 9.803.298,81 og síðan á aðrar kröfur sóknaraðila í þeirri röð, sem þær eru fram bornar í stefnu.

Til vara að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á aðalkröfur sóknaraðila samtals að fjárhæð kr. 8.194.120,80.

Til þrautavara er þess krafist að frávísunardóminum verði hrundið og breytt á þá lund að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á varakröfu sóknaraðila að fjárhæð kr. 8.169.165,31 samkvæmt stefnu og á þrautavarakröfu sóknaraðila að fjárhæð kr. 4.457.048,81 samkvæmt stefnu.

Krafist er hæfilegs kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.“

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Það leiðir ekki eitt sér til frávísunar máls þessa í heild, að kröfur í bæjarþingsmálinu 6187/1987, sem var vísað frá bæjarþinginu með hinum kærða dómi, eru hærri en var í máli nr. 3932/1982. Ef annað kemur ekki til, verður dómari að taka afstöðu til þess sérstaklega,

hvort hækkunin fái komist að, og leggja síðan dóm á dómtækar kröfur eftir efni þeirra. Ekki leiðir það heldur eitt sér til frávísunar málsins alls, þó að málsástæður hafi tekið breytingum. Verður dómari að kveða á um áhrif þess á efnisniðurstöðu.

Kemur þá til skoðunar, hvort ofantalin atriði og svo það, sem rakið er í síðasta hluta forsendna héraðsdómara, verði talið fela í sér, að máltilbúnaður sé svo óskýr, að málið sé ekki dómtækt og að vísa beri því frá eftir þeim lagaákvæðum, sem nefnd eru í héraðsdómi. Í því sambandi er þess að geta, að mál út af efniságreiningi aðila var fyrst höfðað 1982, og hefur síðan á ýmsu gengið. Þegar það er haft í huga, hve lengi málareksturinn hefur staðið, er rétt að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Er það þá á áhættu sóknaraðila og getur leitt til sýknu að einhverju eða öllu leyti, ef máltilbúnaður hans er enn talinn ófullnægjandi.

Efni eru ekki til að kveða nú á um það, hvaða kröfur héraðsdómari skuli fjalla um. Er þess og að geta, að ekki eru heldur efni til að taka í þessum hæstaréttardómi afstöðu til þess, hvort og þá í hvaða mæli aðilar kunni í sambandi við ákvarðanir um málsmeðferð að hafa skuldbundið sig varðandi efni málsins.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið til efnismeðferðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 18. apríl sl. að afloknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu, höfðaði Þórólfur Kristján Beck hrl., nú með starfsstofu að Suðurlandsbraut 22, Reykjavík, vegna þrotabús Byggingarfélagsins Reynis hf., nnr. 7312-7025, áður til heimilis að Bolholti 6, Reykjavík, gegn menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með þingfestingu málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 8. október 1987. Lögmaðurinn kveðst höfða mál þetta samkvæmt 114. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda kr. 9.803.298,81 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins.

Til vara, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda kr. 8.169.165,31 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins.

Til þrautavara, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda kr. 4.457.048,81 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum vexti og vaxtavexti af umkröfðum fjárhæðum, en ekki þykir ástæða til að rekja þann þátt kröfugerðar stefnanda lið fyrir lið í dómi þessum.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og stefndu tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Til vara, að stefndu verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Til þrautavara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Stefnandi krefst þess, að synjað verði þeirri kröfu stefndu, að málinu verði frávísað, og krefst þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér málskostnað í þessum þætti málsins.

— — —
Forsendur dómsins.

Óumdeilt er, að Þórólfur Kristján Beck hrl. er kröfuhafi í þrotabú Byggingarfélagssins Reynis hf. Lögmaðurinn byggir aðild sína í þessu máli á því, að hann hafi ákveðið sem kröfuhafi í þrotabúið að neyta réttar til mál-sóknar í eigin nafni vegna þrotabúsins samkvæmt ákvæðum í 114. gr. laga nr. 6/1978.

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var 5. september 1984, lýsti lögmaðurinn vilja sínum til þess að taka við rekstri bæjarþingsmálsins nr. 3932/1982. Komu ekki fram andmæli gegn því eða aðrar tillögur varðandi rekstur málsins. Á skiptafundinum var síðan bókað, að Þórólfi Kristjáni Beck veittist „heimild til þess að halda áfram rekstri þessa bæjarþingsmáls, sem er nr. 3932/1982, á eigin kostnað og áhættu ef málið tapast“. Á framangreindum skiptafundi lýsti skiptaráðandi því, að hann sæi ekki fram á, að þrotabúið gæti staðið undir kostnaði við áframhaldandi rekstur málsins.

Líta verður svo á, að skiptaráðandi hafi með þessum hætti lýst því yfir, að kröfu þrotabúsins yrði ekki haldið til laga, sbr. 1. mgr. 114. gr. laga nr. 6/1978. Verður að telja, að með framangreindum yfirlýsingum lögmannsins og skiptaráðanda og óbeinu samþykki annarra kröfuhafa hafi verið fullnægt skilyrðum 114. gr. laga nr. 6/1978 fyrir því, að Þórólfur

Kristján Beck hrl. öðlaðist aðild þess sakarefnis, sem um var deilt í bæjarþingsmálinu nr. 3239/1982. Verður að líta svo á, að sakaraðild Þórólfs Kristjáns Beck hrl. sé tilkomin með þeim hætti, sem að framan er lýst, og því hafi ekki orðið til ný eða önnur sakaraðild, eftir að skiptaréttarmálinu hafði verið vísað tvívegis frá dómi, eins og helst verður þó að skilja á málflutningi lögmannsins, að hann telji. Þykir hér ekki skipta máli, þótt skiptafundur í þrotabúi Byggingarfélagsins Reynis hf. hafi hinn 3. júlí 1986, þ.e. eftir að fyrri úrskurður skiptaráðanda um frávisun var kveðinn upp, en áður en byrjað var á skiptaréttarmáli á nýjan leik, samþykkt „að veita Þórólfi Kristjáni Beck hæstaréttarlögmanni heimild til að reka þetta nýtt (sic) mál gegn varnaraðiljum vegna umræddra lögskipta, og jafnframt samþykkt að það yrði rekið fyrir skiptarétti á sama hátt og með sömu skilyrðum og hið fyrra mál“, en tilvitnun þessa er að finna í síðari úrskurði skiptaráðanda, sem kveðinn var upp 5. janúar 1987.

Af sakaraðild Þórólfs Kristjáns Beck hrl. leiddi sjálfkrafa, að hann öðlaðist bæði málsforræði og sakarforræði hinna umdeildu krafna auk annarra heimilda, sem sakaraðild hefur í för með sér. Af sakarforræðisreglunni leiddi það, að aðilar bæjarþingsmálsins gátu gert þann samning, sem gerður var í skiptarétti 5. september 1984, sbr. og 112. gr. og 4. mgr. 118. gr. laga nr. 6/1978, um að fella bæjarþingsmálið nr. 3932/1982 niður og reka þess í stað skiptaréttarmál um sama deiluefni. Þessi samningur er bindandi eftir efnisrétti, enda verður ekki séð, að hann brjóti í bág við opinbera hagsmuni. Því var að vísu haldið fram af stefnanda, að samningur þessi væri fallinn niður, þar sem skiptaréttarmálinu hefði verið vísað frá dómi, og enn fremur, að hann sé ógildur samkvæmt 33. og 36. gr. samningalaga, en á hvorugt er hægt að fallast.

Óumdeilt er í málinu, að höfðun þess á sér þann aðdraganda, að Þórólfur Kristján Beck hrl. fór þess á leit við lögmann stefndu, Gunnlaug Claessen hrl., eftir að skiptaréttarmálinu hafði verið vísað frá dómi í síðara skiptið, að færa málið í bæjarþing Reykjavíkur. Það samþykkti Gunnlaugur Claessen hrl., og því er ómótmælt af hálfu stefnanda, að Gunnlaugur hafi sett þau skilyrði, sem hann lýsir í greinargerð sinni með eftirfarandi hætti:

„Skilyrðin voru þau, að samkomulag aðila frá 5. september 1984 stæði að öllu öðru leyti en því, að mál þrotabúsins færi nú fyrir bæjarþing Reykjavíkur í stað skiptaréttar Reykjavíkur. Þannig yrði ekki raskað með neinum hætti þeim grundvelli, sem lagður var fyrir málalíbúnaði sóknaraðila með stefnunni árið 1982 og framhaldsstefnunni árið 1983. Kröfur yrðu þannig algerlega þær sömu og í því máli, svo og málsástæður allar. Réttarfarsannmarkar yrðu lagfærðir, en í engu yrði farið út fyrir þær kröfur og málsástæður, sem hafðar voru uppi í málinu í upphafi.“

Ein af málsástæðum stefndu fyrir frávisunarkröfu þeirra er sú, að stefn-

andi hafi ekki staðið við þetta samkomulag, sem hann sé bundinn af.

Telja verður, að það samkomulag, sem aðilar þessa máls gerðu í skiptarétti Reykjavíkur 5. september 1984, sé bindandi fyrir þá báða, nema þeir verði ásáttir um breytingar á því eða til komi önnur atvik, sem hnekkja því að hluta eða öllu. Ekki verður séð, að slík atvik séu fyrir hendi. Hins vegar samþykkti lögmaður stefndu að tilmælum stefnanda, að mál yrði höfðað fyrir bæjarþinginu að öðrum skilyrðum samkomulagsins uppfylltum. Verður því að taka afstöðu til þess, hvort þau samkomulagsatriði hafa verið virt.

Í bæjarþingsmálinu nr. 3932/1982 námu kröfur stefnanda alls kr. 7.994.120,80. Til vara var gerð krafa um aðra lægri fjárhæð.

Í þessu máli er gerð krafa aðallega um greiðslu á kr. 9.803.298,81 eða lægri fjárhæð að mati réttarins, til vara á kr. 8.169.165,31 eða lægri fjárhæð að mati réttarins og til þrautavara á kr. 4.457.048,81 eða lægri fjárhæð að mati réttarins. Kröfur stefnanda í þessu máli eru því aðrar og hærri en kröfur stefnanda í bæjarþingsmálinu nr. 3932/1982. Málskostnaðarkrafa er þó hin sama, og vaxtakrafa tekur ekki öðrum breytingum en leiðir af nýjum vaxtafæti og vaxtalögum.

Telja verður, að stefnandi hafi ekki haldið samkomulagið frá 5. september 1984, að því er kröfugerð varðar, og þykir engu breyta um það, þótt í stefnu bæjarþingsmálsins nr. 3932/1982 hafi verið áskilinn réttur til þess að hækka og breyta kröfugerð.

Stærsti hluti kröfu stefnanda í báðum bæjarþingsmálunum er vegna aukakostnaðar, sem Byggingarfélagið Reynir hf. hafi orðið fyrir, þegar það var verktaki við byggingu Hugvísindahúss Háskóla Íslands, kr. 5.045.997 í fyrra málinu, en kr. 7.862.512 í síðara málinu, eftir því sem best verður séð. Í fyrra málinu kveðst stefnandi reisa málatilbúnað sinn vegna kröfunnar um aukakostnað á réttarreglum um skaðabætur innan samninga og einnig á sömu lagasjónarmiðum og gildi, er kaupandi valdi seljanda aukakostnaði vegna dráttar á að taka við söluhlut, sbr. reglur laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, einkum 36. gr. Í síðara málinu segir stefnandi, að aðalkrafan, sem sé krafa um nýtt og leiðrétt verð fyrir verkið, sé á því reist, að verktakinn sé eigi lengur bundinn af upphaflegu tilboði sínu vegna rangra og brostinna forsendna, og beri honum greiðsla fyrir verkið samkvæmt reikningi. Fyrra réttarsamband aðila sé fallið niður með riftun verkkaupa á verksamningnum, og nýtt réttarsamband hafi orðið til á grundvelli réttarreglna þeirra, sem m.a. komi fram í 5. gr. kaupalaga. Verður ekki betur séð en hér byggi stefnandi á því, að um almenna fjárkröfu sé að ræða. En stefnandi heldur áfram og segir, að krafan sé og reist á reglum um fébótaábyrgð innan samninga og ólögmatrí riftun gagnaðila á verksamningi. Enn tekur stefnandi fram, að verkkaupa beri að greiða fyrir

verkið samkvæmt reikningi verktaka, og segir kröfuna reista á ákvæðum kaupalaga og vísar sérstaklega til 5., 6. og 36. gr. kaupalaga og til IST 30, 14.4, 16.3 og 25.6. Þá kveðst stefnandi byggja á því, að kröfur þær, er verktaki gerði varðandi hvefðar súlur og gluggabönd, séu í sjálfu sér saknæm vanefnd af hans hálfu.

Þótt hér komi saman málsástæður og lagarök, þá er augljóst af þessu dæmi einu af málatilbúnaði stefnanda, að hann byggir nú á því, að um reikningskröfu sé að ræða, sem hann gerði ekki í fyrra málinu, enda þótt hann virðist einnig byggja á því, að um skaðabótakröfu sé að ræða. Verður að telja, að hér sé um nýjar málsástæður að ræða og það feli í sér brot á samningnum frá 5. september 1984. Það, sem að framan er rakið, þykir eitt sér eiga að leiða til þess, að vísa beri málinu frá dómi.

En fleira kemur til. Stefnan í málinu er 28 síður á lengd, þéttvélritaðar. Stór hluti hennar er skriflegur málflutningur. Framsetning á málsástæðum og lagarökum er að verulegu leyti ómarkviss og óskýr, og eins og að framan er rakið, er óljóst, á hvaða grundvelli stærsti hluti krafna stefnanda er reistur, því ekki verður betur séð en að hann geri hvort tveggja í senn að krefjast greiðslu á reikningskröfu og skaðabótakröfu, þótt um einu og sömu fjárkröfuna sé að ræða. Viða í gögnum málsins er að finna skriflegan málflutning, og ýmis skjöl hafa að þarflausu verið lögð fram. Þessa annmarka á málatilbúnaði stefnanda verður að telja brjóta gegn 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981, og 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936. Þessir annmarkar þykja einnig eiga að leiða til þess, að vísa verði málinu frá dómi, sbr. 116. gr. laga nr. 85/1936.

Málskostnaður, sem stefnandi greiði stefnda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 21.000.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Þórólfur Kristján Beck hrl. vegna þrótabús Byggingarfélagssins Reynis hf., greiði stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 21.000 í málskostnað.